

Starfshópur um notendasamráð og aðstandendur

Hlutverk hópsins var að koma fram með tillögur um það hvernig hægt er að auka frekar notendasamráð í búsetukjörnum. Einnig var hópnunum ætlað að leggja mat á þróun aðstandendafélagsins Eirðar fyrir alla aðstandendur notenda í sértækri búsetu fyrir geðfatlaða.

Hópurinn hefur fundað reglulega ca. hálfsmánaðarlega en mæting hefur verið um 3-4 á hvern fund. Aðstandendafélagið Eirð sá sér ekki fært að mæta reglulega á fundina og ekki komu aðilar frá ráðgjafahópnunum Straumhvarfs inn í starfshópin. Þannig að strax í upphafi var hópurinn faliðaður en hefur unnið mjög vel að verkefninu.

Undirbúningsvinna hópsins fólst meðal annars í því að kalla til aðila frá Hugarafli, SSR, Geðhjálp og Eirð til að þeirra hugmyndir og sýn kæmi fram og hvert mögulegt framlag þeirra væri til verkefnisins. Hugarafli lagði áherslu á og kynnti bækling um Valdeflingu. Fram komu hagnýtar leiðir til frekari valdeflingar íbúanna. Starfsmenn AMS frá SSR komu með ábendingar varðandi möguleika til að auka atvinnu og samfélagsþátttöku íbúanna. Frá Eirð kom fram að þeir óska eftir betri aðgreiningu á starfi heimilanna og aðkomu aðstandanda að því.

Á næstunni verður unnið að því að útfæra og skoða niðurstöður, hugmyndir og tillögur sem koma hafa fram á fundum. Hópurinn mun vinna að því í desember að lesa yfir og samræma niðurstöður hópsins. Áætlaðir eru tveir fundir í janúar og skil á verkefninu í febrúar.

Hver erum við?

Alda Róbertsdóttir

Birna Dís Vilbertsdóttir

Herdís Benediktsdóttir

Ingibjörg Hrönn Ingimarsdóttir

Ragnhildur Bragadóttir

Sigprúður Erla Arnadóttir